

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Flugsafns Íslands.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð 27. maí 2026 stofnskrá Flugsafns Íslands. Jafnframt fellur brott auglýsing sama efnis nr. 1541/2020.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 22. júní 2026.

F.h. safnaráðs,
Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.**STOFNSKRÁ
Flugsafns Íslands.**

1. gr.

Flugsafn Íslands er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt því. Einnig lýtur safnið ákvæðum þjóðminjalaga, nágildandi safnalaga og siðareglum ICOM.

2. gr.

Aðilar að Flugsafni Íslands eru:

1. Vélflugfélag Akureyrar, kt. 410687-1439.
2. Svifflugfélag Akureyrar, kt. 491275-0499.
3. Flugmóðelfélag Akureyrar, kt. 500692-3089.
4. Flugfélag Íslands, kt. 530575-0209.
5. Icelandair Group, kt. 631205-4780.
6. Arngrímur Brynjar Jóhannsson, kt. 070440-2969.
7. Atlanta hf., kt. 650387-1639.
8. Flugfélag Akureyrar, kt. 540700-2220.
9. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, kt. 150671-4779.

3. gr.

Flugsafn Íslands er minjasafn um flugsögu Íslands. Lögheimili þess er á Akureyrarflugvelli, 600 Akureyri, en starfssvæði þess nær til landsins alls.

4. gr.

Hlutverk Flugsafnsins er að safna, varðveita og sýna muni sem tengjast upphafi flugs á Íslandi og sögu og þróun þess. Einnig er það markmið safnsins að safna myndum og skrá sögu flugsins og aðra þá þætti sem hafa menningarsögulegt gildi fyrir flugsöguna. Þá skal Flugsafnið eftir atvikum fá flugminjar lánaðar til sýninga, og skulu gerðir um það sérstakir samningar hverju sinni. Alla muni sem safninu berast skal skrásetja, merkja og varðveita við bestu mögulegu skilyrði í sýningarsölum eða geymslum safnsins.

5. gr.

Eignum safnsins má ekki farga, eða ráðstafa á annan hátt, nema öll stjórnin samþykki það, og skal slík ráðstöfun vera í samræmi við áætlun sem kynnt hefur verið á aðalfundi safnsins. Þó skal farið eftir reglum um grisjun safngripa sem er samkvæmt grisjunaráætlun sem höfuðsafn samþykkir. Muni sem afhentir hafa verið safninu til eignar og skráðir í aðfangabók þess má ekki afhenda fyrri eigendum. Þá er óheimilt að taka við gjöfum til safnsins ef sérstakar kvaðir fylgja.

6. gr.

Í safninu skulu að jafnaði vera grunnsýningar sem gefa góða innsýn í flugsöguna og þróun flugs á Íslandi. Þá skal stefnt að því að settar séu upp sersýningar með reglulegu millibili er taka til einstakra þátta í flugsögunni, atburða o.s.frv. með það að markmiði að vekja áhuga á sögu flugs á Íslandi.

7. gr.

Flugsafn Íslands skal hafa sýningarsali opna á auglýstum sýningartímum. Það skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning, m.a. með sýningum og útgáfustarfi. Safnið skal sinna skólum sérstaklega og hafa samvinnu við fræðslufirvöld. Safnið skal leitast við að sinna og vekja áhuga ferðamanna, jafnt innlendra sem erlendra á íslenskri flugsögu, m.a. með samstarfi við fyrirtæki á sviði samgangna og ferðaþjónustu.

8. gr.

Hver aðili tilnefnir einn fulltrúa í stjórn Flugsafnsins og annan til vara. Skipun stjórnar skal staðfesta á viðkomandi aðalfundi safnsins. Reikningar Flugsafnsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Stjórn safnsins gengur frá fjárhagstillögum hvers árs, sem síðan eru sendar til kynningar hjá félögum sem eiga aðild að safninu og helstu samstarfs- og stuðningsaðilum, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Til að ákvarðanir stjórnar séu lögmætar þarf meirihluti kjörinna fulltrúa að sitja stjórnarfund.

9. gr.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skal hún skipta með sér störfum. Stjórnin ákveður starfssvið safnsins og stefnu í söfnun og sýningarhaldi. Að öðru leyti skal stjórnin sjá um að starfað sé samkvæmt þjóðminjalögum, núgildandi safnalögum og samþykktum eða starfsreglum sem samþykktar hafa verið á aðalfundi safnsins. Ekki eru greidd laun til almennra stjórnarmanna en stjórnarformaður nýtur launa sem ákveðin eru á aðalfundi ár hvert. Stjórninni er heimilt að ráða safnstjóra. Leitast skal við að ráða safnstjóra sem hefur menntun á sviði flug- og/eða menningarsögu og reynslu af safnstörfum. Stjórnin ákveður starfssvið hans með skriflegum starfssamningi. Safnstjóri ræður annað starfsfólk við safnið.

Stjórnin heldur fundi, þegar formaður eða forstöðumaður telur þess þörf, og einnig ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

10. gr.

Stjórnin skal setja safninu starfsáætlun fyrir hvert ár og afla safninu tekna, einkum með því að tryggja safninu fasta styrki frá ríki, sveitarfélögum og öðrum stuðningsaðilum. Þá aflar safnið sér einnig tekna með innheimtu aðgangseyris, sölu minjagripa og með framlögum frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Allur arður af rekstri safnsins rennur til þess sjálfs.

11. gr.

Aðalfund Flugsafns Íslands skal halda fyrir 1. mars ár hvert. Á fundinum eiga sæti og hafa þar atkvæðisrétt stjórnarmenn eða varamenn þeirra. Flugsafnsstjórn boðar til aðalfundar með minnst 7 daga fyrirvara og er hann lögmætur ef $\frac{3}{4}$ hlutar kjörinna fulltrúa sitja hann. Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt eiga allir fullgildir félagsmenn í félögum sem eiga aðild að safninu eða eftir atvikum fulltrúar stjórna þeirra félaga þar sem það á við. Á aðalfundi skal taka fyrir eftirtalin málefni:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar bornir upp til samþykktar eða synjunar.
3. Fjárhagsáætlun kynnt.
4. Starfsáætlun kynnt.
5. Lagabreytingar bornar upp til samþykktar eða synjunar. Samþykkja þarf stofnskrá í heild með þeim breytingum sem á henni eru gerðar.
6. Skipun stjórnar.
7. Laun stjórnarformanns.

12. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari eru háðar samþykki aðalfundar. Tillögur skulu sendar til stjórnarinnar minnst 20 dögum fyrir aðalfund og skal tillagna um breytingar getið við fundarboð. Til að breyta samþykktum Flugsafnsins þarf samþykki $\frac{3}{4}$ hluta þeirra fulltrúa er fundinn sitja.

13. gr.

Ef allir aðilar safnsins hætta af einhverjum ástæðum aðild að Flugsafninu, eða starfræksla þess leggst af, skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykktar og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafa að höfðu samráði við ráðuneyti.

14. gr.

Samþykkt á aðalfundi Flugsafns Íslands, sem haldinn var á Akureyri 21. febrúar 2026. Safnið hefur hlotið viðurkenningu safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 sem safn um Flugsögu Íslands, sbr. bréf safnaráðs frá febrúar 2014.

Stjórn Flugsafns Íslands getur gert tillögu að breytingum á stofnskrá þessari, óski fleiri aðilar eftir því síðar að leggja stofnframlög til sjálfseignarstofnunarinnar, skal hún tekin til afgreiðslu á aðalfundi.

Ef félag, sem er aðili að safninu er lagt niður, fellur aðild þess úr gildi á næsta aðalfundi.

Aðild einstaklings að safninu fellur niður við fráfall hans.

Stofnskrá þessi er staðfest af stjórn Flugsafns Íslands og fulltrúum aðila að safninu með undirritun.

Akureyri, 21. febrúar 2026.

B deild - Útgáfudagur: 6. júlí 2026